



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

7. tbl. 2006, - 16. árg.
September 2006

Echternachganga FÍL

Að þessu sinni verður Echternachganga félagsins laugardaginn 30. september næstkomandi kl. 14:00.

Eins og undanfarin ár verða til sölu grillaðar íslenskar pylsur með öllu tilheyrandi eftir gönguna, ásamt því að selt verður íslenskt sælgæti.

Vegna Útlendingahátíðarinnar í

Junglinster sunnudaginn 1. október var ákveðið að hafa gönguna á laugardegi í stað sunnudags eins og verið hefur svo að sem flestir gætu mætt á báða staðina.

Mæting er við bílastæðið fyrir norðan vatnið kl 14:00. Leiðin verður merkt vegvísingum með íslenska fáninum.

Tilvalið er að taka barnavagnana,



kerrurnar, þríhjólin, hjólin, hlaupahjólin og línuskautana með fyrir börnin.

Vonandi verða veðurguðir okkur hliðhollir en endilega takið með hlífðarfatnað og stóla, ef fólk vill sitja.

Stjórn FÍL

Í þessu blaði:

Echternachganga FÍL	1
Íslenskuskólinn	1
Guðsþjónustur	1
Útlendingahátíð í Junglinster	2
Aðalfundur Spuna	2
Iceland Express	2
Til styrktar bjóstakrabbameini	2
Smáþjóðamót í Squash í TopSquash Sandveiler	2
Áhugaverðir atburðir	2
Skíðamót Snow and Fun og ýmislegt annað á síðunni	3
Heimilis-og Ráðag.hornið	3
Börn, orðtök og málshættir	4
Litlu dálkarnir	4

Íslenskuskólinn

Íslenskukennslan hefst 3. október næstkomandi.

Kennt er á þriðjudögum kl. 13:30 til 15:30 í sama húsnæði og undanfarin ár í Verainsbau í Godbrange.

Börnin eiga að mæta með pennaveski og eina möppu A4.

Breytingar eru á kennaraliði skólans, Elísabet Sigurðardóttir, Elín Dröfn Valsdóttir og Herdís Matthíasdóttir hætta störfum og við taka Heiða og Elsa Dóróthea Kjartansdóttir. Stjórn FÍL þakkar Elísabetu, Elínu og Herdísu kærlega fyrir samstarfið.

Kennsludagar haustannar 2006

3. október	2006
10. október	2006
17. október	2006
24. október	2006
7. nóvember	2006
14. nóvember	2006
21. nóvember	2006
28. nóvember	2006

Kennsludagar vorannar 2007

16. janúar	2007
23. janúar	2007
30. janúar	2007
6. mars	2007
13. mars	2007
20. mars	2007
27. mars	2007

Búið er að sækja um sal fyrir kennslu barna sem eru í International skólanum, þar sem Dagný Broddadóttir mun hafa umsjón, en svör hafa enn ekki borist.

Kennslan er veitt börnum félagsmanna þeim að kostnaðarlausu.

Vinsamlegast skráið börnin á netfanginu skoli-fil@islandus.net og tilgreinið nafn barnsins, fæðingardag og ár, heimilisfang og síma ásamt nöfnum foreldra.

Ef tími hefur ekki unnist til að skrá börnin, þá endilega mætið samt og skráð verður á staðnum.

Stjórn FÍL

Guðsþjónusta

Séra Sigurður Arnarson predikar í í kirkju hinnar heilögu þrenningar í Luxembourg sunnudaginn 12. nóvember kl. 14:00.

Kirkjukór íslenska safnaðarins syngur undir stjórn Hermanns B. Reynissonar.

Séra Sigurður kemur svo aftur til Luxembourgar um jólin og verður með jólaguðsþjónustu þann 23. desember kl. 14:00.

Nánar auglýst síðar.

Stjórn FÍL



Á döfnni:

- Euro-Ice Golfmót, sjá bls. 2
- Echternachganga FÍL, bls. 1
- Útlendingahátíð Junglinster
- Íslenskuskólinn, sjá bls. 1
- Smáþjóðamót Topsquash
- Brjóstakrabbamein, hlaup
- Aðalfundur Spuna 10. október kl. 20:30
- Guðsþjónustur, sjá bls. 1
- Áhugavert, sjá bls. 2
- "Brilljant skilnaður" frestað um óákveðinn tíma
- Þorrablót, sjá bls. 1

Jólaball fyrirhugað 17. desember 2006 sjá nánar á bls. 2

Þorrablótið er fyrirhugað 10. febrúar 2007



Iceland Express

Iceland Express flýgur til Frankfurt Hahn í allan vetur.

Flugfélagið Iceland Express hefur gefið út vetraráætlun sína og ætlar félagið að halda flugi til Frankfurt Hahn áfram í allan vetur.

Flugið verður á mánudögum og föstudögum til 31. mars 2007.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.icelandexpress.de



Rútuferðir á Frankfurt Hahn

Hægt að panta sæti á www.easybycoach.com

Styrktarhlaup og ganga



Jogging / (Nordic) Walking.

Laugardaginn 7. október kl. 8:30 hefst skráning í "Um Glacis" þátttekendur hlaupa og ganga til þess að styrkja fólk sem hefur fengið krabbamein í bjóstin.

Mörg fyrirtæki hafa styrkt hlaupið.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.europadonna.lu eða í síma 73 02 15. Faxnúmer er 73 00 26.



10 ára afmælishátíðargolfmót EURO-ICE verður haldið dagana 28. september til 1. október í Golf Disneyland í Frakklandi í næsta nágrenni við Disneyland Paris eins og áður hefur verið auglýst.

EURO-ICE, c/o Þór Thorarensen,
Netfang: thorsa@kabelfoon.nl
sími + 31 (0)105010780

Áhugaverðir atburðir

1. okt. Pink, tónleikar sunnudaginn 1. okt. í sportpaleis Antwerpen
<http://www.goformusic.be>
13. okt. George Michael, föstudaginn 13. okt. kl. 20:30 í Galaxie, Amnéville, Frakklandi. Verð 49.50€
<http://www.show.lu>
20. okt. Andy White & Julia Neigel, föstudaginn 20. okt. í Salle des Fetes, Dudelange. Verð 12.00€
7. nóv. Bruce Springsteen, tónleikar þriðjudaginn 7. nóvember í Sportpaleis Antwerpen
<http://www.goformusic.be>

Draumur konu

Kona ein sat á bar ásamt vinkonum sínum eftir vinnudag, þegar hrikalega myndarlegur og rosalega sexy ungur maður gekk þar inn. Hann var svo eftirtektarverður að konan gat með engu móti hætt að stara á hann. Ungi maðurinn tók eftir athyglinni sem hann fékk frá konunni, gekk beint til hennar og sagði.

Ég skal gera "HVAÐ SEM ER" og hversu afbrigðilegt sem það er fyrir 2000 kr. með einu skilyrði. Orðlaus af undrun spurði konan hvað þetta skilyrði væri.

Ungi maðurinn svaraði: Þú verður að segja mér hvað þú villt að ég geri í aðeins 3 orðum.

Konan hugsaði tilboð hans um stund, byrjaði svo að telja peningana upp úr buddunni sinni og rétti unga manninum. Hún horfði djúpt í augu hans og hægt og rólega svaraði hún:

ÞRÍFÐU HÚSIÐ MITT !!!!!!!!!!!!!!!

(Viðförli Netverjinn)

Skoðunarkönnun FÍL

Jólaball

Eins og fram kemur á blaðsíðu eitt hér að framan þá er fyrirhugað að hafa jólaballið í ár sunnudaginn 17. desember næstkomandi.

Efnt var til skoðunarkönnunar meðal félagsmanna og var hún höfð til hliðsjónar við ákvörðun dagsetningarinnar 17. desember 2006.

Niðurstöður skoðunarkönnunar:

Einhvern tíma í desember	50.0%
26. desember	46.2%
Skiptir ekki máli	3.8%
Veit ekki	0.0%

Félagsmönnum er kærlega þakkað fyrir að taka þátt í skoðunarkönnuninni.

Stjórn FÍL.

Hátíð í Junglinster

Sunnudaginn 1. október verður útlendingahátíð haldin í Junglinster. Hátíðin hefst kl. 11:00

Á íslenska básnum verða seldar íslenskar pylsur með öllu og heimabakað rúgbrauð með reyktum íslenskum laxi.

Vonandi geta sem flestir mætt. Allur ágóði rennur til líknarmála.

Útlendinganeftnd Junglinster

FIESTA INTEGRALE

Dégustation culinaire de différentes nationalités. Animation musicale.

01 octobre 06

JUNGLINSTER

(Cour de l'école)

À partir de 11:00 heures

Organisation: Commission Consultative pour Résidents Etrangers de la Commune de Junglinster

Aðalfundur Spuna

Aðalfundur Leikklúbbsins Spuna

verður haldinn þriðjudaginn 10. október 2006 kl. 20:30

Dagskrá fundar:

Venjuleg aðalfundarstörf
Kosning nýrrar stjórnar
Önnur mál

Hvetjum meðlimi til að kynna leikklúbbin fyrir nýju fólki og hlökkum til að sjá sem flesta á fundinum.



Nýtt starfsár er að hefjast hjá Leikfélaginu Spuna og af því tilefni langar okkur að hittast, sýna okkur og sjá aðra þriðjudaginn 10. október 2006 kl. 20:30 í "Top Squash" í Sandweiler. Þar munum við bregða upp yfirliti frá liðnu starfsári og ræða hugmyndir varðandi komandi starfsár yfir léttum veitingum. Kjörrið tækifæri til að koma nýjum hugmyndum á framfæri, kynna nýju fólki og hitta gamla félagi.

Stjórn Leikklúbbsins Spuna
Bryndís, Íris og Stella



Snow & Fun Ski Club a.s.b.l.



Ofangreindur klúbbur ásamt fleirum standa fyrir skíðaferð til ZERMATT dagana 29. október til 4. nóvember 2006 (skólafrídagar í Luxembourg).

Áhugasamir hafi samband við Gulla Ólafsson á netfanginu guo747@hotmail.com

Gjaldkeri í stjórn FÍL



Inga Birna Antonsdóttir sem verið hefur gjaldkeri félagsins er nú flutt til Íslands. Stjórnin þakkar Ingu Birnu kærlega fyrir samstarfið.

Nú stendur gjaldkerastarfið því laust fyrir þá sem vilja bjóða sig fram.

Áhugasamir hafi samband við formann á fil@islandus.net

Stjórn FÍL

Símanúmerabreyting í Luxembourg

Tilkynnt hefur verið að öll GSM númer í Luxembourg muni breytast í þá veru að 021 eða 091 í byrjun hvers númers verða 621 eða 691. Breytingin hefur í raun tekið gildi því hægt er að hringja í bæði númerin, en eftir aðlögunartímann verður ekki hægt að hringja í 021 eða 091.

Ritstjóri



Fyrirtækið Rent.is vill bjóða íslendingum erlendis að taka þátt í skemmtilegri uppbyggingu á stórglæsilegum vef sem þjónustarferðamenn í leit að næturstaði á Íslandi. Rent.is er milliliðurur í að leigja út herbergi, íbúðir, hús eða sumarbústaði með húsgögnum, til ferðamanna.

Aukinn straumur ferðamanna til Íslands hefur gert það að verkum að mikil þörf er á fjölbreyttari gistingu og gæðum. Einnig er þessi gisting í flestum tilfellum hlutfallslega ódýrari en gisting á hótelum.

Nánari upplýsingar á www.islandus.net og á www.rent.is, einnig er hægt að senda e-mail á rent@rent.is.

Ráðagóðahornið

Erfitt að ná blettum úr fatnaði?

Prófið að nota uppþvottavéladuft sem bleikiefni fyrir hvítan þvott.

Matarsódi vinnur gegn vondri lykt.

Uppþvottalögur virkar oft vel ef hann er settur óblandaður beint á bletti.

Sitrónusafi bleikir og sótthreinsar. Kreistið úr sitrónu yfir bletti á hvíttri flik og látið liggja í nokkra stund fyrir þvott.

Salt virkar á rauðvinsbletti. Ef því er blandað við sitrónusafa er hægt að fjarlægja myglubletti.

Sjampó er hægt að bera á kraga og fjarlægja þannig farða og óhreini.

Raksápa er handhægur blettaeyðir. Nuddið henni á blettinn og skolið með köldu vatni. Tilvalið í handtöskuna.

Alkóhól virkar vel við að fjarlægja grasbletti úr fatnaði.

Gildi hreyfingar



Þolþjálfun, það er vel þekkt staðreynd að fyrir hverja mínútu sem við æfum, þá bætum við einni mínútu við lífaldur okkur.

Þetta gefur okkur 5 auka mánuði á elliheimili frá 85 ára aldri og við borgum fyrir það 45.000 krónur.

Amma mín hóf að ganga 10 kílómetra daglega þegar hún var 60 ára. Í dag er hún 97 ára og við höfum ekki hugmynd um hvar hún er. Ég keypti árskort í heilsurækt á síðasta ári. Hef ekki misst eitt kíló. Það þurfti víst að mæta líka.

Mér líkar langir göngutúrar. Sérstaklega þegar fólk sem ég þoli ekki, fer í þá.

Ég hef virkilega slöpp læri, en sem betur fer, þá hylur maginn á mér þau.

Kosturinn við að æfa daglega er sá að ég dey heilsuhraust.

Of góðast en ekki síst, þá æfi ég ekki, því þá skoppar vinið upp úr glasinu mínu.

Viðförla Netverjinn

Heimilishornið

Grillaður lax með basil alioli sósu

200 - 250 gr laxasteik pr. mann
Eitt búnt ferskt basil
Ein stór bökuð kartafla, afhýdd
2-3 hvítlauksgeirar
Ein eggjarauða
Hálf matskeið dijon sinnep
Tveir og hálfur desilítri ólífuolía
Safi úr hálfri sitrónu
Salt og pipar

Fiskurinn er penslaður með hvítlauksolíu og kryddaður með salti og pipar. Laxinn er grillaður í þrjár mínútur á hvorri hlið á funheitu grilli.

Sósan: Allt nema olían er sett í matvinnsluvél og maukað. Ólíunni er hellt út í í mjörri bunu og sósan smakkast til með salti og pipar.

Léttsteikt grænmeti

Einn fínskorinn laukur
1 rauð paprika
1 stykki avókadó
Góð lúka af fersku spínati
Salt og pipar
Smá hvítlauksolía
Safi úr hálfri sitrónu

Laukur og paprika er léttsteikt á pönnu, spínati og avókadó sett út í þegar laukur er orðinn glær og paprika farin að meyrna. Þetta er hitað í smá stund og smakkað til með salti og pipar og sitrónusafa. Laxinn og grænmetið er borið fram með litlum ofnbökuðum kartöflum og rucola salati.

(Bergþór Egilsson, matr.meistari á Tapasbarnum í viðtali við Fréttablaðið 11. ágúst 2005)

Smáþjóðamót í Squash - Skvassi



Smáþjóðamótið í Skvassi verður haldið í Topsquash, Sandveiler, dagana 4. - 7. október. Ísland keppir á móti Luxembourg, Liechtenstein, Monaco, Malta og Kýpur.

Mætum öll og hvetjum okkar fólk!

Miðvikudaginn 4. október 2006
kl. 10.45 Luxembourg vs. Iceland

Fimmtudaginn 5. október 2006
kl. 10.45 Liechtenstein vs. Iceland

Föstudaginn 6. október 2006
kl. 10.45 Monaco vs. Iceland
kl. 15.00 Cyprus vs. Iceland

Laugardaginn 7. október 2006
kl. 11.15 Malta vs. Iceland

Topsquash
Netsíða www.topsquash.lu



Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@email.lu
Inga B. Antonsd., gjaldkeri,	2671 0929,	621 224 312	ingabirnaa@hotmail.com
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	2670 1540,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður,	2694 5006,	691 348 737	oskars@islandus.net

Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

www.islandus.net	
Eyjólfur Hauksson	formaður, 768 545
María Huesmann	358 556
Sólveig Stefánsdóttir	789 341
Agnar Sigurvinnson	435 183
Sigurður Kristinsson	787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir	formaður, 341 882	spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir	ritari, 357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri, 780 510	spuni.gjaldkeri@islandus.net

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir	formaður, 26 945 378
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri, 26 945 006

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Til sölu

Bækur

The B747 Book by Joe Sutter has been published and is available on www.smithsonianstore.com for \$ 26.95 plus shipping.

Tilboð

Golf

Tilboð frá Golfklúbbi Kiðjabergrs á Íslandi til Íslendinga sem búsettir eru í Luxembourg, sjá islandus.net Upplýsingar hjá Haraldi Má Stefánssyni, í síma +354 690 4229 og á hallimar_stef@hotmail.com.

Gisting í Frankfurt

Verið velkomin í frábæra gisti- aðstöðu fyrir Íslendinga jafnt sem aðra á ferð og flugi um heiminn. Aukið gistirými. Upplýsingar á; www.appartement-1-frankfurt.de www.appartement-sol-frankfurt.de

Tilkynningar

Tapaðir hlutir

Hvítur stelpu-sólhattur með blómum, tapaðist á 17. júní hátíðinni í sumar. Finnandi vinsamlegast hafi samband á kolbrei@gmail.com

Óskilamunir - síðasta birting

Enn eru óskilamunir frá þorra- blótinu í febrúar. Svartur jakki, eyrnalokkur, varalitur, Quickliner og hárgreiða. Uppl. í síma 365 163.

Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla á flugvöllinn Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

Símaskrá

Breytingar

Jóhannes Einarsson
Ingibjörg Ólafsdóttir
jeinars@pt.lu

Fæðingar

Díana Arnfjörð Kristjánsdóttir og Björn Hólmþórsson eignuðust soninn Patrek Tristan þann 26. ágúst 2006. Hann var 51,5 cm og 3280 gr. Við óskum þeim til hamingju.

Elisabet Sigurðardóttir og Halldór Thorleifs Stefánsson eignuðust soninn Sigurð Hákon þann 17. ágúst 2006. Hann var 57 cm og 4330 gr. Við óskum þeim til hamingju.

Kolbrún Eir Óskarsdóttir og Arnar Guðmundsson eignuðust soninn Oliver Darra þann 10. júlí 2006. Hann var 52 cm og 3050 gr. Við óskum þeim til hamingju.

Svala Björk Arnardóttir og Þorsteinn Gunnar Ólafsson eignuðust dótturina Arnfríði þann 24. júlí 2006. Hún var 49 cm og 3220 gr. Við óskum þeim til hamingju.

Áhugaverðar heimasíður

Luxembourg

www.adclux.info
www.e-ticket.lu
www.show.lu
www.poppconcerts.de
www.luxembourgticket.lu
www.topsquash.lu

Belgía

www.sportpaleis.be
www.botanique.be
www.forestnational.be
www.ancienne-belgique.be

Munið eftir að kíkja á
www.islandus.net

Börnin búa til sín eigin orðtök og/eða málshætti, skoðum nánar;

“Heima er best í hófi.”